Fuglavernd

Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytið **28. 09.2026**
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Skotveiðar á bjargdúfum í Vestmannaeyjum

Fuglavernd lýsir yfir miklum áhyggjum vegna nýlegrar leyfisveitingar umhverfis- , orku og loftlagsráðuneytis sem heimilaði skotveiðar á bjargdúfum í Vestmannaeyjum.

Okkur sýnist meint tjón vera óljóst og að það hafi ekki verið metið á fullnægjandi hátt áður en ráðist var í þær róttæku aðferðir að drepa bjargdúfur. Einnig virðist ekki hafa verið sýnt fram á að aðrar aðferðir til að koma í veg fyrir tjón hafi verið fullreyndar, þar á meðal að taka alveg fyrir fóðurgjafir til dúfnanna, sem m.a. var fjallað um i umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 3. september 2025 (HÉR). Einnig þarf að liggja skýrt fyrir hvert markmið þessara aðgerða er og hvernig meta skuli árangur þeirra þannig að unnt sé að ákvarða hvenær markmiðinu hefur verið náð. Þá höfum við áhyggjur af því að þessi leyfisveiting geti haft fordæmisgildi.

Við viljum því spyrja ráðuneytið:

1. Hvert er hið meinta tjón og var það metið með fullnægjandi hætti áður en farið var í þessar aðgerðir?
2. Hvert er markmið aðgerðanna m.t.t. tjóns, þ.e. hversu mikið tjón er talið ásættanlegt? Var notaður ákveðinn mælikvarði svo hægt sé að meta árangur aðgerðanna?
3. Var reynt til fullnustu að beita öðrum aðgerðum sem ekki fela í sér dráp á fuglum? Ef svo er, hvaða aðferðum var beitt og hvernig var árangur þeirra metinn?
4. Hvert er langtímamarkmið aðgerðanna?
    a. Er markmiðið að ná fram ákveðinni stofnstærð bjargdúfna í Vestmannaeyjum? Ef svo er, hver er hún?
    b. Hvert er samband svæðisbundinnar stofnstærðar bjargdúfna og umfangs tjónsins?
    c. Hvenær á að ljúka aðgerðum? Hvenær telst búið að fækka fuglum nægilega mikið?

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

Fyrsta og mikilvægasta skrefið er að skilgreina og meta með fullnægjandi hætti meint tjón. Því næst að setja mælanleg markmið svo hægt sé að meta árangur aðgerðanna m.t.t. tjóns. Markmiðin þurfa að snúa að því að draga úr tjóni og aldrei ætti að koma til álita að ráðast í stofnstjórnandi aðgerðir nema fullreynt þyki að aðrar aðgerðir beri ekki tilætlaðan árangur m.t.t. þess að lágmarka tjón. Ef ráðast á í stofnstjórnun til að draga úr tjóni er auk þess nauðsynlegt að skilja fyrst samband stofnstærðar og umfang tjóns.

Við ætlum ekki að gefa okkur að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafi með leyfisveitingunni ætlað að útrýma bjargdúfum úr Vestmannaeyjum. En hvað gerist ef bjargdúfum fjölgar á ný eftir einhver ár? Þarf þá að ráðast aftur í sambærilegar aðgerðir? Ef svo er, á hvaða forsendum og samkvæmt hvaða viðmiðum? Það er algjörlega ljóst af þessu máli að ef veita á undanþágur frá friðun til að bregðast við meintu tjóni þurfa að liggja fyrir skýrar vinnureglur varðandi afgreiðslu á slíkum málum og ströng skilyrði fyrir því að undanþágur séu veittar.

Við tökum jafnframt undir þau orð Náttúruverndarstofnunar í umsögn sinni um þessa beiðni að samneyti við villt dýr getur falið í sér ýmis óþægindi. Fólk þarf einfaldlega að vera undir það búið að lifa með slíkum óþægindum upp að vissu marki.

Ef litið er til fjárhagslegs tjóns í þessu tilviki er jafnframt ljóst að kostnaður við aðgerðirnar má ekki verða meiri en kostnaðurinn af því tjóni sem verið er að reyna að fyrirbyggja. Liggja slíkar kostnaðartölur fyrir nú þegar og ef ekki, hvenær verða þær lagðar fram?

Við teljum mikilvægt að skýrar forsendur liggi að baki ákvörðun um að heimila skotveiðar á bjargdúfum og að markmið, mælikvarðar og mat á árangri séu skilgreind með skýrum hætti.

Við krefjumst þess að allar aðgerðir sem snúa að drápum á bjargdúfum verði stöðvaðar þar til meint tjón hefur verið metið með fullnægjandi hætti og sýnt fram á að fullreynt sé að aðrar aðgerðir til að draga úr tjóni skili ekki tilætluðum árangri.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar

Afrit sent á Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is